

## Lagabreytingartillögur

**Flutningsaðili:** Pétur Marteinn Urbancic Tómasson

**Efni:** Reglugerð um styrkleikalista BTÍ

**Grein:** 1. mgr. 7. gr.

| Grein eins og hún stendur nú  | Breytingartillaga  |
|---|--|
| Birting styrkleikalista skal ná yfir virka leikmenn, sem eru þeir leikmenn sem hafa tekið þátt í mótum á vegum BTÍ á yfirstandandi keppnistímabili og síðustu þrjú ár þar á undan. (Þannig að fyrir keppnistímabilið 2008-2009 séu þeir virkir sem hafa tekið þátt í mótum frá 1. janúar 2006). | Birting styrkleikalista skal ná yfir virka leikmenn, sem eru þeir leikmenn sem hafa tekið þátt í <del>mótum</del> keppni sem gildir til styrkleikalista á vegum BTÍ á yfirstandandi keppnistímabili og síðustu þrjú ár þar á undan. (Þannig að fyrir keppnistímabilið 2008-2009 séu þeir virkir sem hafa tekið þátt í mótum frá 1. janúar 2006). |

**Rökstuðningur:** Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um styrkleikalista BTÍ skulu mótshaldarar miða röðun í mót við virka leikmenn á styrkleikalista og samkvæmt núgildandi 1. mgr. 7. gr. geta leikmenn haldið sér virkum án þess að eiga á hættu að tapa stigum með nokkrum hætti, svo sem með því að spila einungis í tvíliða- eða tvenndarleik.

Breytingartillagan miðar þessu að markmiði að leikmenn sem ekki keppi í flokkum sem gildi á styrkleikalistann myndu að lokum færast í flokk óvirkra leikmanna og gætu því ekki fengið röðun á mót. Þetta getur haft raunveruleg áhrif á röðun þara, t.d. á Íslandsmótum. Tillagan miðar einnig að því að koma í veg fyrir að leikmenn geti „verndað“ stigin sín með því að spila einungis í flokkum sem ekki gilda til styrkleikalista og hvetja þannig leikmenn til að taka a.m.k. af og til þátt í einliðaleik.

**Flutningsaðili:** Pétur Marteinn Urbancic Tómasson

**Efni:** Reglugerð um styrkleikalista BTÍ

**Grein:** 3. mgr. 7. gr.

| Grein eins og hún stendur nú   | Breytingartillaga   |
|--|---|
| Óvirkir leikmenn á styrkleikalista skulu vera skráðir með lágsta stigafjölda þess flokks er þeir kepptu í síðast og snúi þeir aftur til keppni hefja þeir keppni með þann stigafjölda. | <del>Óvirkir leikmenn á styrkleikalista skulu vera skráðir með lágsta stigafjölda þess flokks er þeir kepptu í síðast og snúi þeir aftur til keppni hefja þeir keppni með þann stigafjölda.</del> |

#### **Rökstuðningur:**

Lagt er til að 3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar verði felld á brott. Í reglugerð um styrkleikalista BTÍ er innbyrðis ósamræmi varðandi hvernig eigi að meta óvirka leikmenn inn á styrkleikalistann. Þannig segir í 3. mgr. 7. gr., sem hér er lagt til að verði felld á brott, að óvirkir leikmenn skuli vera skráðir til keppni með lágsta stigafjölda þess flokks sem þeir kepptu í síðast. Í lokamálslið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur þó fram að ef leikmaður sem tekur þátt í móti á vegum BTÍ er ekki á nýjasta styrkleikalista skuli notuð síðasta skráning hans á styrkleikalistanum.

Að mati tillöguhöfundar er síðarnefnda reglan eðlilegri, enda geta mjög undarlegar og ósanngjarnar aðstæður komið upp ef leikmaður sem t.d. var ofarlega í meistaraflokki kemur aftur 5 árum síðar með 1750 stig.